



## 174 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 8. mars kl.10:00 í Borgarnesi.

Mætt voru; Guðveig Eyglóardóttir, Ragnar Sæmundsson, Elín Gunnarsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Jakob B. Jakobsson, Júniana Óttarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen. Líf Lárusdóttir og Eyjólfur I. Bjarnason tóku þátt í fundinum á Teams. Þá sat Garðar Svansson fundinn í forföllum Jósefs Kjartanssonar. Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV sat fundinn og ritaði fundargerð. Undir dagskrárlið 2 tók Sigríður Sveinsdóttir endurskoðandi þátt í fundinum og þau Stefán Gíslason og Hrefna B. Jónsdóttir undir lið 10.

Guðveig Eyglóardóttir, formaður SSV, setti fund kl.10:00

### 1. Fundargerð 173 fundar stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 173 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

### 2. Ársreikningur SSV

Á fundinn mætti Sigríður Helga Sveinsdóttir endurskoðandi frá KPMG og fór yfir drög að ársreikningi SSV. Stjórn samþykkti ársreikninginn og vísaði honum til afgreiðslu aðalfundar

### 3. Árskýrsla SSV

Lögð fram drög að ársskýrslu SSV. Stjórn samþykkti skýrsluna og vísaði henni til afgreiðslu aðalfundar

### 4. Staða slökkviliða á Vesturlandi

Lagðar fram tilnefningar sveitarfélaganna á fulltrúum til setu í vinnuhópi sem mun taka til skoðunar möguleika á auknu samstarf slökkviliða á Vesturlandi. Stjórn staðfesti tilnefningarnar. Eftirtaldir aðilar sitja í vinnuhópnum; Ragnar Sæmundsson formaður, Lilja B. Ágústsdóttir, Björgvin Helgason, Garðar Svansson og Skúli Guðbjörnsson

### 5. Byggðaáætlun C1

Lagt fram minnisblað með stuttri kynningum á þeim umsóknum sem SSV sendi til Byggðastofnunar í verkefni C1 undir byggðaáætlun og fengu brautargengi. Eftirtalin verkefni fengu styrk; Iðngarðar í Búðardal- Styrkur kr. 5.mkr.; Ímynd Dalabyggðar – Styrkur 11.2 m.kr.; Verðmætasköpun í dreifbýli – Styrkur 21,6 m.kr. í samtarfi við SSV og Vestfjarðarstofu.

## **6. Fræðsluferð fyrir sveitarstjórnarfólk af Vesturlandi**

Lagt fram minnisblað vegna fyrirhugaðrar fræðsluferðar haustið 2023 fyrir sveitarstjórnarfólk á Vesturlandi. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.

## **7. Aðalfundur SSV**

Framlögð drög að dagskrá fyrir aðalfund SSV. Stjórn samþykkti drögin.

## **8. Skipan fulltrúa í stjórnir Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands og Starfsendurhæfingar**

Stjórn SSV þarf að skipa einn fulltrúa og annan til vara í stjórn Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands. Einnig þarf stjórn að skipa þrjá fulltrúa og jafnmarga varamenn í stjórn Starfsendurhæfingar Vesturlands. Umræða um tilnefningar fulltrúa og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.

## **9. Sóknaráætlun Vesturlands**

Framlagt yfirlit yfir áhersluverkefni Sóknaráætlunar fyrir árið 2023, en verkefnin hafa öll fengið staðfestingu stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál. Þau eru;

- Sjálfbær atvinnuþróun
- Ímynd Vesturlands
- Menningargróska
- Óstaðbundin störf og hærri hlutdeild Vesturlands í opinberum störfum

## **10. Greinargerð um förgun dýrahæja og sláturúrgangs**

Á fundinn mætti Stefáni Gíslasyni frá Environice og kynnti skýrslu um förgun dýrahæja og sláturúrgangs. Stjórn þakkaði Stefáni fyrir skýra og greinargóða skýrslu og samþykkti að senda hana til sveitarfélaga á Vesturlandi og standa fyrir Teams fundi um skýrsluna.

## **11. Öldrunarmál**

Lagt fram minnisblað frá fundi um öldrunarþjónustu á Vesturlandi og samþættingu hennar.

## **12. Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktanir.**

- Umsögn um frumvarp um samfélagsvegi, 485 mál. Samþykkt að senda inn umsögn.
- Umsögn um frumvarp um stefnur og aðgerðir í húsnæðis- og skipulagsmálum, samgangna og byggðamála. Framkvæmdastjóra falið að afla frekari upplýsinga.

## **13. Framlögð mál**

- a. Fundargerðir frá landshlutasamtökum
- b. Fundargerð frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- c. Framkvæmdastjóri sagði frá fundi sem hann sat með lögreglunni á Vesturlandi og fulltrúum ríkislögreglustjóra um aðgerðir gegn ofbeldi. Óskað er eftir aðkomu sveitarfélaganna á Vesturlandi að verkefninu.

- d. Rætt um barnaverndarþjónustu á Vesturlandi í kjölfar nýrra laga sem tóku gildi nýverið.

Fundi slitið kl.12.39